



**Skýrsla um alþjóðlegt samstarf árið 2021**  
**Verkmenntaskólinn á Akureyri**



## 1. Almennt um erlent samstarf.

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur því áherslu á að veita nemendum og kennurum tækifæri til að kynnst námi og starfi erlendis, og með því mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar á ævinni. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Nordplus og Erasmus plus áætlunum. Auk þess þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum skólum og stofnunum, og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til að styrkja erlent tengslanet skólans.

Gert er ráð fyrir að skólinn hafi frumkvæði að verkefnum sem koma sér vel fyrir nemendum hans og skólann í heild. Þau henti honum að stærð og umfangi auk þess sem lögð sé áhersla á að styrkir nægi að sem flestu leyti til að mæta fyrirsjáanlegum kostnaði. Í skólanum er starfandi verkefnastjóri sem heldur utan um erlend samskipti. Hann bendir starfsfólki og nemendum á þá kosti sem gætu hentað hverju sinni, aðstoðar við að fylla út umsóknir og miðlar verkefnum eftir því sem hentar. Þá aðstoðar hann nemendum og kennara erlendis frá við að koma sér fyrir í starfsnámi á Akureyri, sé þess óskað.

Ferðatakmarkanir covid höfðu eðlilega töluverð áhrif á árið 2021. Flestum verkefnum þurfti að fresta á meðan önnur voru blásin af. Í lok árs voru þó takmarkanir rýmkaðar og skólinn fór af stað í nokkur kennara- og nemendaverkefni. Þá var nokkrum samstarfsverkefnum komið af stað í desember.

Á árinu 2021 var VMA þátttakandi í 10 erlendum samstarfsverkefnum; 7 sem styrkt eru af Erasmus, tvö sem styrkt eru af Nordplus, einu sem fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES .

## 2. Verkefni fjármögnuð af Erasmus

Á árinu 2021 var VMA þátttakandi í 6 erlendum samstarfsverkefnum sem styrkt voru af Erasmus. Vegna covid-tengdra ferðatakmarkana voru engir mobility styrkir nýttir í náms- og starfsþjálfun á árinu en styrkurinn var framlengdur og stendur til að komast langt með að nota þá 2022, þá fyrstu í janúar.

### 2.1. Ready for the world

2020-1-IS01-KA229-065828

Verkefnið er samvinnuverkefni þriggja skóla sem munu sameiginlega vinna að því að finna leiðir til að valdefla og aðstoða konur sem standa höllum fæti í samfélaginu. Auk VMA taka skólarnir SOSU Randers í Danmörku og Morgen College sem er hluti af Landstede skólunum sem staðsettir eru í Harderwijk í Hollandi. Hver skóli setur saman 10-15 manna nemendahópa með fjölbreyttan



bakgrunn sem mun hittast í hverju landi fyrir sig og vinna sameiginlega með þema verkefnisins. Nemendur af hug- og félagsvísindabraut taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA.

Haustið 2021 fóru 21 nemandi og 3 kennarar af stað til Randers í Danmörku. Næsta heimsókn er áætluð til Harderwijk í Hollandi í mars 2022, og að lokum til Akureyrar í september 2022. Þá lýkur verkefninu.

Umsjónarmaður verkefnisins er Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, en auk hennar koma Valgerður Dögg Jónsdóttir, Rósa Margrét Húnadóttir, Bryndís Indíana Stefánsdóttir og Jóhannes Árnason að verkefninu fyrir hönd VMA.

## 2.2. VET@Work

2018-1-FI01-KA202-047198

Þetta verkefni er styrkt af Erasmus og er að sumu leyti beint framhald af Workmentor og AppMentor sem VMA var einnig þátttakandi að. Helsta markmið verkefnisins er að þróa rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé best að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þátttakendur í verkefni koma bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Samstarfsaðilir VMA í verkefninu eru Het Idee og Stichting Welzijn Lelystad frá Hollandi, Axxell Utbildning AB og Raseborgs stad frá Finnlandi, Nantes Terre Atlantique frá Frakklandi, Broadshoulders Ltd frá Bretlandi og Hársnyrtistofan Medulla.

Árið 2021 voru haldnir nokkrir fjarfundir fyrir verkefnið, en 7. september var vinnuferð til Lelystad í Hollandi, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir fyrir VMA og Hulda Hafsteinsdóttir fyrir Medullu fóru á fundinn til Hollands. Harpa Birgisdóttir var í sóttkví og sótti fundinn rafrænt. Á fundinum var mestmegnis að koma loka drögum að VET@work handbókinni saman. Mikil áhersla lögð á það að við þyrftum að þýða handbókina yfir á íslensku fyrir næsta fund. Sjá frétt á heimasíðu skólans.

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/naestsidasti-fundur-vet-work>

16.-19. nóvember 2021 var haldinn fundur í Karjaa í Finnlandi þá fóru Harpa Birgisdóttir kennari og brautarstjóri á hársnyrtideild, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir kennari á félags- og hugvísindabraut og Hulda Hafsteinsdóttir hársnyrtimestari og eigandi Medullu hársnyrtistofu Þar lögðu þau loka drögin að handbókinni að samskiptum milli atvinnulífs og skóla. Þessi fundur markaði lok verkefnisins.



## 2.3. DigitalVET4all

2021-1-FI01-KA220-VET-000025516

Verkefnið miðar að því að skapa rafrænan vettvang fyrir verknámskennara í Evrópu til að deila upplýsingum um kennsluaðferðir sem byggja á upplýsingatækni og sýndarveruleika. Markmiðið er að nýta vettvanginn til að prófa sig áfram með nýstárlegar stafrænar lausnir í verknámi og deila reynslu sín á milli. Verkefninu er stýrt af Omnia í Finnlandi en aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru; Vamia í Finnlandi, Danmar Computers í Póllandi, ATEC í Portúgal, Samiedu Finnlandi, RBZ am Schützenpark, SŠGT Slóveníu, KAK í Eistlandi og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Rafdeild VMA tekur þátt í verkefninu fyrir hönd skólans. Dagný Hulda Valbergsdóttir, nýr verkefnastjóri erlendra samskipta, sat upphafsfundinn sem haldinn var í Helsinki, á Zoom.

## 2.4 ELECTROECOTEAM

2021-1-IS01-KA220-VET-000024804

ELECTROECO TEAM er Erasmus+ samstarfsverkefni sex skóla sem kenna rafiðn; Verkmenntaskólans á Akureyri, IES Santa Lucía á Kanaríeyjum, BMSZC Egressy Gábor Két Tanítási Nyelvű Technikum Í Búdapest Ungverjalandi, ITÜ í Istanbúl Tyrklandi, Agora í Roermond Hollandi og Solski Center í Celje Slóveníu. Verkefnið gengur út á vinnusmiðjur þar sem nemendur skólanna eru látin vinna saman að verkefnum undir merkjum sjálfbærni og grænni orku. Markmið verkefnisins eru fjölbætt; að vekja nemendur til meðvitundar um umhverfisáhrif loftslagsbreytinga, vekja nemendur og kennara til meðvitundar um nauðsyn þess að innleiða umhverfisvænar lausnir í fagið, veita nemendum tækifæri til þess að vinna að grænum frumkvöðlaverkefnum í alþjóðlegu umhverfi og síðast en ekki síst að skapa vettvang til þess að deila reynslu og skapa alþjóðleg tengsl.

Hvert þátttökuland mun hýsa eina vinnusmiðju þar sem nemendur og kennarar allra landa munu hittast til þess að vinna saman að markmiðum verkefnisins. Fyrsti nemendafundur er áætlaður í Istanbúl í Tyrklandi 14.-18.mars 2022. Áætlað er að halda vinnusmiðju hér á Akureyri í maílok 2022.

Um tveggja ára verkefni er að ræða og hófst með upphafsfundum í Celje í Slóveníu í desember 2021 og fóru Hildur Friðriksdóttir, þá starfandi alþjóðafulltrúi og Magni Magnússon kennari á rafdeild á fundinn.



## 2.5. VET4Change

2020-1-FR01-KA202-080504

Verkefnið er fjármagnað af Erasmus en markmið verkefnisins er að þróa aðferðir til að koma á betra samtali milli verknámsskóla og aðila sem koma að stefnumótun. Verkefninu er enn fremur ætlað að gera þessum aðilum kleift að greina betur þarfir nærsamfélagsins þegar kemur að menntunarpörf. Þátttakendur í verkefninu auk VMA eru; MFR Grand Est Frakklandi, Breza Króatíu, BSC Slóveníu, IFOCAP Frakklandi, Inter Mondes Belgíu, Leader Union Eistlandi og GAL Cluj Napoca Rúmeníu.

Haldnir voru nokkrir fjarfundir á árinu 2021.

Hildur Friðriksdóttir fór ásamt Valgerði Dögg Jónsdóttur með tveim nemendum til Strasbourg í Frakklandi dagana 7. - 10. október 2021. Þar tók hópurinn þátt í Youth Event á vegum Evrópusambandsins, þau fóru í Evrópuþingið og hittu þingmann af Evrópuþinginu ásamt nemendum frá Rúmeníu og Frakklandi.

Jóhannes Árnason fór svo á fundi í verkefninu dagana 11. - 15. október 2021. Hópurinn hafði bækistöð í þorpinu Ramonchamp í Vosges héraði nálægt Strasbourg í Frakklandi. Ætlunin var að Elva Gunnlaugsdóttir frá SSNE myndi fara líka en COVID smit stoppaði það. Stefna er tekin á næsta fund í Slóveníu vorið 2022. <https://workqual.vma.is/index.php?title=VET4Change>

## 2.6. Rotten Shark and Aioli

2019-1-FR01-KA229-062996

Verkefnið er styrkt af Erasmus Plus áætluninni. Hér er um að ræða samstarf tveggja skóla, matvælabrautar VMA og MFR La Tour d'Aigues í Suður Frakklandi. Franski skólinn er hluti af MFR kerfinu sem rekur marga litla skóla í dreifðum byggðum í Frakklandi og fleiri löndum. Markmið verkefnisins er að vinna með matarhefðir, bæði gamlar hefðir og nútíma matvælaframleiðslu og nýtingu á svæðunum sem skólarnir þjóna. Við hér í Eyjafirði skoðum eigin matvælaframleiðslu og nýtingu og það sama gera nemendur skólans í Frakklandi. Verkefnið hefur legið í dvala yfir covid en hafa verið í virkum samskiptum við MFR. Stefnt er að því að íslenski hópurinn fari út vorið 2022.



## 2.7. Skákgreind

Verkefnið er Erasmus + samstarfsverkefni um að nýta gervigreind við fjarkennslu. Verkefninu stýrt af fyrirtækinu Skákgreind. Verkefnið lá í dvala 2021, en stefnt er á það fari aftur af stað 2022.

## 3. Verkefni fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES

### 3.1 BlendVET

BlendVET er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginviðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu. Byggingadeild, hársnyrtibraut og byggingadeild taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Verkefnastjóri verkefnisins innan VMA er Helga Jónasdóttir. Dagný Hulda Valbergdóttir hefur einnig aðkomu að verkefninu. Haldinn var rafrænn upphafsfundur í desember 2021, sat Helga Jónasdóttir fundinn.

## 4. Verkefni fjármögnuð af Nordplus

### 4.1 Empowerment by innovation - a must for inclusion.

NPJR-2019/10113

Viðskiptabraut VMA vinnur að verkefninu. Verkefnið gengur út á að hópar nemenda og kennara hittast í löndunum til að vinna að ákveðnum verkefnum. Í verkefninu er verið að fjalla um það að frumkvöðlastarfsemi og sköpun skiptir miklu máli þegar við ræðum um það að innfluttir íbúar komist að fullu leyti inn í samfélagið. Það er mikilvægt að ræða um það og nemendahóparnir munu vinna með þessi mál. Hópur nemenda úr VMA fór með Katrínu Harðardóttur til Porvoo í Finnlandi í október 2019. Frekari heimsóknnum hefur verið frestað vegna Covid-19. Katrín og Íris fóru með 3 nemendur til Nykjöping í febrúar 2020, síðan þá hefur verkefnið legið í dvala en stendur til að það fari aftur af stað haustið 2022.



## 4.2 Landa- og tungumálaútrás víkinganna – Vikingernes fremmarch i land og sprog - 2018-2020

Verkefnið var hugsað sem tveggja ára tungumála- og lestrarverkefni (Nordplus Nordic Language) á milli fjögurra samstarfsskóla á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning nemenda á tungumálum Norðurlandanna, sögu, menningu og samfélag. Þá var einnig markmið verkefnisins að þróa kennsluefni sem hægt væri að nota við kennslu á norrænum tungumálum og norrænni tungumálasögu. Hlutverk þátttakenda í verkefninu er að byggja upp net, þróa kennsluefni og kennsluáætlanir. Tveir kennarar frá hverjum skóla kenndu eina viku í senn í einum samstarfsskólanna hvort árið um sig.

Vegna heimsfaraldurs riðlaðist skipulag verkefnisins nokkuð, en síðasti fundurinn var haldinn á Akureyri í september 2021. Þá komu tveir kennarar frá Danmörku og Noregi og einn frá Svíþjóð og kenndu hér bæði nemendum í dönsku og íslensku. Auk þess var farin ferð á söguslóðir í Skagafirði þar sem við heimsóttum safnið 1238 á Sauðárkróki og fórum að Glaumbæ og Hólum, svo eitthvað sé nefnt. Að lokum var verkefnið gert upp og skrifuð lokaskýrsla. Þátttakendur voru í heild ánægðir með hvernig til tókst og lýstu yfir áhuga á að vinna saman að í framtíðinni - stefnt er á fund í Kaupmannahöfn í janúar 2022 til að undirbúa það verkefni, KlimaAngst.